

## **Sjálfsmatsskýrsla 2022 – 2023**

## Efnisyfirlit

|     |  |    |
|-----|--|----|
| 1   | Inngangur .....  | 3  |
| 1.1 | Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu .....              | 3  |
| 1.2 | Almenn stefna og markmið .....                               | 3  |
| 1.3 | Starfsfólk .....   | 4  |
| 2   | Innra mat skólans .....                                      | 4  |
| 2.1 | Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun og Skólapúlsinn ..... | 4  |
| 2.2 | Matsfundir .....   | 6  |
| 2.3 | Áfangamat - sjálfsmat kennara .....                          | 6  |
| 2.4 | Stofnun ársins .....   | 6  |
| 2.5 | Starfmannapúlsinn .....                                      | 7  |
| 2.6 | Viðhorfskannanir meðal starfsfólks .....                     | 7  |
| 2.7 | Brotthvarf .....   | 7  |
| 2.8 | Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01 .....                            | 8  |
| 2.9 | Könnun meðal útskrifaðra nemenda .....                       | 9  |
| 3   | Tölulegar upplýsingar .....                                  | 11 |
| 4   | Aðgerðir til úrbóta .....                                    | 13 |

## 1 Inngangur

### 1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþáttar kennsluaðferðir og leiðsagnarnám. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugum félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

### 1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþáttar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarnám sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu.

### 1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2022-2023 voru starfsmenn 37 í 35 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

| Starfsfólk  | H2021     | V2022     | H2022     | V2023     |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>Stjórnendur</b>                                    | 3         | 3         | 4         | 4         |
| <b>Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu</b> | 6         | 6         | 6         | 6         |
| <b>Kennarar</b>                                       | 27        | 28        | 24        | 24        |
| <b>Starfsfólk mötuneytis</b>                          | 2         | 2         | 2         | 2         |
| <b>Stuðningsfulltrúar</b>                             | 2         | 2         | 1         | 1         |
| <b>Alls:</b>  | <b>40</b> | <b>41</b> | <b>37</b> | <b>37</b> |


Tafla 1. Fjöldi starfsfólks

## 2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á [lögum um framhaldsskóla \(nr. 92/2008\)](#) og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólstarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru aðstoðarskólameistari, verkefnastjóri og þrír kennarar. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. [Sjálfsmatsáætlun ársins 2022-2023 má sjá á vef skólans.](#)


### 2.1 Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun og Skólapúlsinn

Líðan nemenda er könnuð bæði á haust- og vorönn ýmist með viðhorfskönnun í Innu eða með könnuninni Skólapúlsinn. Á haustönn var lögð fyrir viðhorfskönnun og svöruðu 184 nemendur af 265 (69%). Könnunin samanstóð af þremur krossaspurningum, tveimur fjölvalsspurningum og þremur opnum spurningum. Markmiðið er að kanna líðan nemenda og viðhorf þeirra til skólans. Niðurstöður sýndu að 74% þeirra sem svöruðu könnuninni líður vel eða mjög vel



Mynd 1. Líðan nemenda í skólanum á skalanum 1-5 (H22)

í skólanum og 5% líður illa eða mjög illa. Þessar niðurstöður eru betri en á síðustu haustönn þar sem hlutfall þeirra sem leið mjög vel eða vel var 59% og 8% sögðu að þeim liði illa eða mjög illa. Í könnuninni var einnig spurt um ánægju með að vera í FMOS og svöruðu 70% að þau væru ánægð eða mjög ánægð með að vera í FMOS, 9% sögðust vera mjög óánægð eða óánægð. Frá síðustu viðhorfskönnun hefur nemendum fækkað sem lýsa ánægju með veruna í FMOS (voru 75% H21) og einnig hefur þeim fækkað sem eru óánægðir (voru 11% H21).



Mynd 2. Ánægja með að vera í FMOS á skalanum 1-5 (H22)

Þegar nemendur voru spurðir um álagið í náminu segja 43% það vera mikið eða mjög mikið miðað við 51% árið áður og 9% segja það lítið eða mjög lítið miðað við 13% H21. Spurt var hvort nemendur hefðu orðið varir við einelti og hlutfall þeirra sem segjast ekki hafa orðið varir við einelti hækkar en 90% nemenda hafa ekki orðið varir við einelti í skólanum. Í þremur opnum spurningum fengu nemendur tækifæri til að segja af hverju þeir komu í FMOS, segja hvað þeim finnst lýsa skólanum best og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. Margir nýttu þetta tækifæri til að koma á framfæri óskum um ýmislegt sem varðar skólastarfið, hrósa kennurum skólans og skólastarfinu almennt.

Á vorönn var Skólapúlsinn lagður fyrir og er þetta í þriðja sinn sem skólinn tekur þátt í könnuninni. Könnunin var lögð fyrir 108 nemendur og svarhlutfallið var 77,8% sem er nánast það sama og í síðustu könnun frá haustinu 2019. Spurningarnar í könnunni eru í fjórum flokkum; námsumhverfi, virkni í námi, líðan og opin svör. Nemendur FMOS koma vel út miðað við landsmeðaltal þegar spurt er um atriði eins og stuðning frá kennurum, virka þátttöku í tímum o.fl. Það vekur hins vegar athygli í næsta flokki að nemendur FMOS vinna töluvert meira en landsmeðaltalið þegar kemur að launaðri vinnu eða sem nemur rúmum þremur klukkustundum. Þegar kemur að spurningum um líðan eru nemendur FMOS nálægt meðaltali í flestu þáttum, það sem kemur mun verr út er einelti og er það ekki alveg í

samræmi við niðurstöður úr viðhorfskönnun skólans frá haustönninni. [Niðurstöðurnar í heild sinni má sjá hér að þessari slóð.](#)

## 2.2 Matsfundir

Á haustönn voru haldnir matsfundir í 25 hópum hjá 7 kennurum. Á vorönn voru fundirnir 20 hjá 6 kennurum. Matsfundir fara þannig fram að stjórnendur ræða við nemendur í þeim hópum sem skoðaðir eru hverju sinni um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað er eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður eru skráðar og hver kennari fær niðurstöðurnar afhentar og í kjölfarið er fundur með stjórnendum þar sem niðurstöðurnar eru ræddar. Í lok hvers matsfundar fá nemendur tækifæri til að tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta varðandi skólastarfið og á vinnudegi í lok annar er farið yfir slíkar athugasemdir og þarna koma gjarnan fram mikilvæg atriði sem hægt er að bregðast við og bæta úr.

## 2.3 Áfangamat - sjálfsmat kennara

Í samvinnu við þá kennara sem voru í sjálfsmatshópi veturinn 2022-2023 var þróað eyðublað sem er ætlað fyrir kennara til að fylla út í lok annar til að leggja mat á áfangana sem þeir eru að kenna. Eyðublaðið var þróað af tveimur kennurum í lok haustannar og í framhaldinu voru gerðar smávægilegar lagfæringar á eyðublaðinu og ákveðið að gera aðra tilraun í lok vorannar og fá þá alla kennara með í prófunina. Matinu var skilað til skólameistara í lok annar og í framhaldinu verður tekið saman yfirlit yfir áfanga skólans. Markmiðið með þessu er auka gæði skólastarfsins með því að hafa heildaryfirlit yfir kennda áfanga þannig að hægt sé að bregðast strax við ef eitthvað þarf að bæta.

## 2.4 Stofnun ársins

Á haustönn 2022 var könnunin Stofnun ársins send út til allra starfsmanna. Stjórnendur höfðu sett sér það markmið að vera í einu af tíu efstu sætunum í könnuninni eftir að hafa verið í 11. sæti árið 2021. Það gekk ekki eftir og var FMOS í 39. sæti í flokki minni stofnana en var árið áður í flokki meðal stórra stofnana og eins og fyrr segir í 11. sæti. Ef einungis framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu eru skoðaðir þá var FMOS í 3. sæti árið 2021 en í því 6. árið 2022.

## 2.5 Starfmannapúlsinn

Á vorönn 2023 var ákveðið að leggja Starfsmannapúlsinn fyrir til að kanna líðan starfsmanna. Þetta er í þriðja sinn sem Starfsmannapúlsinn er lagður fyrir í skólanum. Könnunin var lögð fyrir starfsmenn skólans í byrjun mars og var svarhlutfallið 93%. Könnunin var rafræn og svör starfsmanna eru ónafngreinanleg og einungis starfsmenn Skólapúlsins hafa aðgang að gögnunum. Þeir unnu niðurstöðurnar fyrir skólann og sendu til okkar. Könnunin er í fimm flokkum; starfið, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun og opin svör. Niðurstöður könnunarinnar eru að flestu leyti mjög jákvæðar að undanskilinni fjölgun þeirra sem segjast hafa orðið fyrir einelti þar fer hlutfallið úr 6.9% í 9,7% sem er áhyggjuefni. [Niðurstöðurnar í heild sinni má sjá hér á þessari slóð.](#)

## 2.6 Viðhorfskannanir meðal starfsfólks

Sjálfsmatshópur og stjórnendur eru farin að nýta sér það í ríkara mæli að leggja stuttar kannanir fyrir starfsmannahópinn til að fá álit þeirra á ýmsu sem varðar skólastarfið. Á skólaárinu 2022-2023 var þó einungis send út ein könnun, það var á vorönninni þegar spurt var um upplifun kennara af fjarkennsluviku sem var dagana 30. janúar til 3. febrúar og er nýjung í skólastarfi FMOS.

## 2.7 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og að það lækki á milli ára og er það í samræmi við markmið Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Eftir tvö ár þar sem lítið var að marka tölur um brotthvarf vegna áhrifa Covid 19 höfum við nú aftur sambærilegar tölur og getum borið þær saman við fyrri ár. Upplýsingar um brotthvarf sem birtast hér fyrir neðan eru skráningar um úrsagnir úr námi í Innu flokkað eftir ástæðum úrsagnar.

| Ástæður brotthvarfs                          | Haust 2022 |                   | Vor 2023  |                   |
|--|------------|-------------------|-----------|-------------------|
|  | Alls       | Hlutfall af heild | Alls      | Hlutfall af heild |
| Fór að vinna                                 | 8          | 21%               |           |                   |
| Flutningar                                   |            |                   |           |                   |
| Fjárhagsaðstæður                             |            |                   |           |                   |
| Námsörðugleikar                              |            |                   |           |                   |
| Fannst námið<br>tilgangslaust/áhugaleysi     |            |                   | 1         | 4%                |
| Nám of erfitt                                |            |                   |           |                   |
| Samskiptaörðugleikar<br>við starfsfólk skóla |            |                   |           |                   |
| Einelti                                      |            |                   |           |                   |
| Veikindi barna                               |            |                   | 1         | 4%                |
| Fór í annan skóla                            | 1          | 2%                |           |                   |
| Líkamleg veikindi                            |            |                   |           |                   |
| Persónulegar ástæður                         | 3          | 8%                | 2         | 7%                |
| Neysla/meðferð                               |            |                   |           |                   |
| Andleg veikindi                              | 1          | 2%                | 3         | 10%               |
| Annað  |            |                   | 2         | 7%                |
| <b>Samtals</b>                               | <b>39</b>  | <b>100%</b>       | <b>28</b> | <b>100%</b>       |

Tafla 2. Ástæður brotthvarfs

## 2.8 Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01

Á haustönn 2022 var ákveðið að halda áfram með rýnihóp nemenda enda hefur þetta fyrirkomulag gefist mjög vel. Þann 12. september var auglýst eftir áhugasömum nemendum til að taka þátt í rýnihópnum, 18 nemendur gáfu kost á sér í hópinn. Þrjár fundir voru haldnir á haustönn; 20. september, 19. október og 15. nóvember. Á vorönn voru fundirnir haldnir 25. janúar, 15. febrúar og 4. maí.




Umræðuefni fundanna voru:

- Verkefnadagar
- Hvað einkennir skólastarf í FMOS
- Breytingar á útskriftarathöfn.
- Umhverfismál innan skólans
- Fjarkennsluvika
- Endurskiladagar


Það hefur reynst einstaklega dýrmætt að fá sjónarhorn nemenda á ýmiss mál og rýnifundir þessa skólaárs hafa m.a. leitt til þess að breytingar verða gerðar á fjarkennsluvikunni, útskriftarathöfninni hefur verið breytt þannig að ekki eru lengur veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og breytingar hafa verið gerðar í mötuneytinu til að auðvelda nemendum flokkun á rusli.

## 2.9 Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Í byrjun vorannar var send út rafræn spurningakönnun til tæplega 150 útskrifaðra nemenda. Þetta voru nemendur sem útskrifuðust frá og með vorönn 2019 til og með haustannar 2021. Spurt var um hvað nemendur hefðu verið að gera síðan þeir útskrifuðust, hvaða skólum þeir hefðu verið í og í hvaða námi. Einnig voru nemendur spurðir um undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði og frekara nám og hvað megi bæta varðandi námið. Í byrjun febrúar var síðan þessum sömu nemendum boðið að koma og taka þátt í rýnifundi með sjálfsmatshópi. 29 nemendur skráðu sig til þátttöku og tóku þátt í umræðum í þremur minni hópum þar sem m.a. var rætt um upplifun þeirra af því að vera útskrifuð úr FMOS, hugmyndir hvernig bæta megi skólastarfið, hvernig gera megi nemendur betur meðvitaða um eigin námsferil og framvindu í námi o.fl. Á myndum 3 og 4 hér fyrir neðan má sjá annars vegar hvað nemendur hafa verið að gera eftir útskrift úr FMOS og í hvaða nám er algengast hjá þeim nemendum sem hafa farið í áframhaldandi nám.



Mynd 3. Eftir útskrift úr FMOS



Mynd 4. Algengasta námið

Þegar nemendur voru spurðir hvað hefði nýst þeim best af því sem þeir lærðu í FMOS voru atriði eins og skipulag, sjálfstæði og ritgerðarskrif oftast nefnd. Þegar nemendur voru hins vegar spurðir að því hvað vantaði í námið í FMOS voru það atriði eins og strangari reglur, meiri fjölbreytni í námi og undirbúningur fyrir að taka lokapróf.

### 3 Tölulegar upplýsingar

| Kyn        | H2021 | V2022 | H2022 | V2023 |
|------------|-------|-------|-------|-------|
| <b>KK</b>  | 162   | 146   | 143   | 122   |
| <b>KVK</b> | 165   | 148   | 137   | 114   |

Tafla 3. Skipting nemenda eftir kyni

| Fæðingarár       | H2021      | V2022      | H2022      | V2023      |
|------------------|------------|------------|------------|------------|
| <b>1986-1997</b> | 14         | 8          | 4          | 5          |
| <b>1998</b>      | 10         | 11         | 9          | 5          |
| <b>1999</b>      | 13         | 13         | 5          | 4          |
| <b>2000</b>      | 20         | 13         | 8          | 4          |
| <b>2001</b>      | 35         | 27         | 19         | 8          |
| <b>2002</b>      | 58         | 51         | 32         | 27         |
| <b>2003</b>      | 53         | 51         | 37         | 31         |
| <b>2004</b>      | 61         | 60         | 53         | 46         |
| <b>2005</b>      | 63         | 60         | 54         | 54         |
| <b>2006</b>      |            |            | 58         | 51         |
| <b>2007</b>      |            |            | 1          | 1          |
| <b>Alls:</b>     | <b>327</b> | <b>294</b> | <b>280</b> | <b>236</b> |

Tafla 4. Skipting nemenda eftir fæðingarári

| Heiti brautar   | H2021      | V2022      | H2022      | V2023      |
|---|------------|------------|------------|------------|
| <b>Félags- og hugvísindabraut</b>                       | 51         | 45         | 33         | 26         |
| <b>Náttúruvísindabraut</b>                              | 43         | 37         | 30         | 30         |
| <b>Sérnámsbraut</b>                                     | 18         | 17         | 16         | 13         |
| <b>Framhaldsskólabrú</b>                                | 16         | 10         | 7          | 4          |
| <b>Framhaldsskólabraut</b>                              |            |            | 48         | 42         |
| <b>Opin stúdentsbraut, almennt kjörsvið</b>             | 140        | 135        | 106        | 88         |
| <b>Opin stúdentsbraut, handboltakjörsvið</b>            | 1          |            |            |            |
| <b>Opin stúdentsbraut, hestakjörsvið</b>                | 24         | 20         | 18         | 11         |
| <b>Opin stúdentsbraut, Íþrótt- og lýðheilsukjörsvið</b> | 27         | 23         | 18         | 19         |
| <b>Opin stúdentsbraut, listakjörsvið</b>                | 7          | 6          | 4          | 3          |
| <b>Alls</b>   | <b>327</b> | <b>294</b> | <b>280</b> | <b>236</b> |

Tafla 5. Skipting nemenda eftir brautum

| Póstnúmer      | H2021      | V2022      | H2022      | V2023      |
|----------------|------------|------------|------------|------------|
| <b>101-109</b> | 20         | 14         | 13         | 8          |
| <b>110-113</b> | 81         | 71         | 75         | 66         |
| <b>116/162</b> | 5          | 6          | 4          | 3          |
| <b>270-276</b> | 169        | 161        | 147        | 126        |
| <b>300</b>     | 6          | 4          | 6          | 2          |
| <b>Annað</b>   | 46         | 38         | 35         | 31         |
| <b>Samtals</b> | <b>327</b> | <b>294</b> | <b>280</b> | <b>236</b> |

Tafla 6. Skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

| Brautskráningar | H2021 | V2022 | H2022 | V2023 |
|-----------------|-------|-------|-------|-------|
|                 | 18    | 24    | 24    | 27    |

Tafla 7. Brautskráningar

#### 4 Aðgerðir til úrbóta

##### Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir, Skólapúlsinn

Á haustönn var lögð fyrir viðhorfskönnun í Innu og var svarhlutfallið á 69%. Á vorönninni var könnunin Skólapúlsinn lögð fyrir og þar rétt náðist að fá lágmarkspáttöku þannig að niðurstöður fengjust. Með því að eyða þó nokkrum tíma í að hvetja til þátttöku náðist ágætis þátttaka eða rúm 77%. Það hefur komið vel út að vera með okkar eigin viðhorfskönnun aðra önnina og Skólapúlsinn hina. Það hefur reyndar reynst töluverð vinna fólgin í því að fá nemendur til að svara Skólapúlsinum en engu að síður finnst sjálfsmatshópi mikilvægt að taka þátt.

Markmið: Leita leiða til að auka þátttöku nemenda í skoðanakönnunum svo þær nýtist sem best í skólastarfinu.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur

## **Matsfundir**

Undanfarin ár hafa gæði kennslunnar verið könnuð ýmist með matsfundum eða kennslukönnunum. Vinnulagið hefur verið þannig að teknar eru þrjár annir í röð með hvorri aðferð fyrir sig. Bæði á haust- og vorönn voru haldnir matsfundir hjá kennurum til að meta gæði kennslunnar.

Markmið: Halda áfram með blöndu af matsfundum og kennslukönnunum í Innu.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

## **Áfangamat – sjálfsmat kennara**

Til að fá frekari upplýsingar um gæði kennslunnar í hverjum áfanga fyrir sig var útbúið eyðublað sem kennarar fylla út í lok annar og skila til skólameistara. Kennarar eru beðnir að leggja fram upplýsingar um fjölda nemenda sem ljúka áfanganum og með hvaða árangri auk þess að leggja mat á hvað tókst vel varðandi leiðsagnarmatið og hvað megi bæta.

Markmið: Halda áfram að þróa eyðublað fyrir áfangamat þannig að það nýtist kennurum og stjórnendum sem best og útbúa samantekt sem nýtist stjórnendum til samanburðar á milli anna.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og verkefnastjóri.

## **Stofnun ársins**

Staða skólans í könnuninni Stofnun ársins var notuð sem einn árangursmælikvarði í stefnumótun skólans undir markmiðinu aukin starfsánægja. Markmiðin fyrir árið 2022 náðust ekki og skólinn var töluvert neðar á listanum en árið á undan.

Markmið: Að skólinn verði í 1.-10. sæti í könnuninni Stofnun ársins árið 2023.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

### **Starfsmannapúlsinn**

Vinnustaðurinn kom mjög vel út í starfsmannapúlsinum og það var augljóst að starfsfólk skólans er ánægt með vinnustaðinn sinn og líður almennt vel. Almenn ánægja virtist vera meðal starfsfólk um að láta óháðan aðila framkvæma könnunina.

Það er þó áhyggjuefni að þeim fjölgar sem segjast hafa upplifað einelti á vinnustaðnum og það er mikilvægt að skólastjórnendur bregðist við því. Á vinnudegi í lok annar voru niðurstöður Starfsmannapúlsins ræddar og því velt upp hvernig best væri að bregðast við.

Markmið: Halda áfram að fá Starfsmannapúlsinn til að framkvæma viðhorfskannanir fyrir skólann. Halda í þann anda sem er í starfsmannahópnum og viðhalda trausti milli stjórnenda og annara starfsmanna. Fá fræðslu um viðbrögð við einelti á vinnudögum í upphafi næstu annar.

Ábyrgð: Stjórnendur.

### **Viðhorfskönnun meðal starfsfólks**

Ein viðhorfskönnun var lögð fyrir kennarahópinn á vorönn 2023. Könnunin er mikilvægur liður í því að meta árangur af þeirri tilraun að hafa eina fjarkennsluviku. Í ljós kom að skoðanir eru skiptar um ágæti þessa fyrirkomulags og því mikilvægt að taka þetta atriði til umræðu aftur áður en ákveðið verður með framhaldið.

Markmið: Ræða um kosti þess og galla að hafa fjarkennslu í einhverri mynd sem hluta af skólastarfinu.

Ábyrgð: Stjórnendur

### **Brotthvarf**

Á haustönn 2022 var brotthvarfið 13,9% og á vorönn 2023 var það 11,8%. Fyrir heimsfaraldurinn var brotthvarf í skólanum á bilinu 10-12% og það er því ánægjulegt að sjá að við virðumst vera komin á sama stað eftir að brotthvarf var komið í 19% á vorönn 2022.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf.

Ábyrgð: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar.

### **Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01**

Rýnihópur nemenda fór vel af stað á haustönninni og en það dró heldur úr virkninni þegar leið á skólaárið. Engu að síður var mikilvægt að fá sjónarhorn nemenda á ýmsar hugmyndir og breytingar sem voru gerðar á skólaárinu. Rýnihópur nemenda studdi það að gera breytingar á verkefnadögum og á útskriftarhátíðinni og einnig komu fram mjög góðar ábendingar varðandi umhverfismál innan skólans sem meðal annars leiddu til þessa að sett var upp aðstaða í mötuneytinu til að skola matarílát áður en þeim er hent í viðeigandi tunnu.

Markmið: Skoða möguleika á breytingum á verkefnadögum, breytingar á útskriftarhátíð o.fl. Halda áfram að nýta krafta nemenda til að rýna ýmis mál sem tengjast skólastarfinu og finna leiðir til að halda stærð rýnihópsins stöðugri út skólaárið.

Ábyrgð: Stjórnendur og sjálfsmatshópur.

### **Könnun meðal útskrifaðra**

Á vorönn 2023 var gerða könnun meðal útskrifaðra nemenda og var hún með töluvert öðrum hætti en áður hefur verið. Rafræn könnun var send á 6 útskriftarhópa og í kjölfarið var hópunum boðið að koma í óformlegt spjall með fulltrúum úr sjálfsmatshópi.



Markmið: Fylgjast með hvernig nemendum okkar vegnar eftir útskrift og halda góðu sambandi við útskrifaða nemendur.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur

Björk Margrétardóttir, enskukennari

Guðrún Guðjónsdóttir, verkefnastjóri

Hrafnhildur Þórhallsdóttir, ensku- og íslenskukennari

Karen Emilía Barrysd. Woodrow, kennari í hestagreinum

Valgarð Már Jakobsson, aðstoðarskólameistari